

AUGLÝSING

um starfsreglur Kirkjuþings um breyting á starfsreglum um Prestssetrasjóð nr. 826/2000.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um Prestssetrasjóð nr. 826/2000.

1. gr.

Við 3. gr. starfsreglna um prestssetrasjóð bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Eignir og réttindi sem fylgja prestssetrum, en prestur óskar eftir að undanskilja afnotarétti sínum eða þau sem tilgreind eru með ákveðnum hætti að séu ekki inni í grunni til afgjalds, falla til ráðstöfunar stjórnar prestssetrasjóðs.

2. gr.

5. gr. starfsreglnanna breytist svo:

Í 1. málsgrein breytist síðasta setningin þannig:

Í stað „sbr. 2. gr. reglna þessara“ komi „sbr. 3. gr. reglna þessara.“

Á eftir 2. málsgrein komi ný 3. málsgrein svohljóðandi:

„Til viðmiðunar skulu einnig vera hlunnindi eða önnur verðmæti sem ekki eru talin til fasteignamats, en hafa sannanlegt verðgildi og prestur nýtir.“

3. málsgrein sem verður 4. málsgrein verður óbreytt nema í stað „1. mars.“ í lok greinarinnar, standi „1. maí.“

3. gr.

Við 6. gr. 1. tölulið bætist eftirfarandi setning: „Hér er þó ekki átt við íbúðarhúsnæði“.

4. gr.

Í 16. gr. falli niður setningin „Stjórn prestssetrasjóðs getur samið við prófast öðrum en presti.“

5. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2003.

Gjört í Reykjavík, 28. nóvember 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 28. nóvember 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.